

sjávarútvegsráðherra, ágætu fundargestir.

Ég vil bjóða ykkur öll velkominn á þennan opna fund um sjávarútvegsból sem haldinn er í tengslum við aðalfund Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda - SFÚ

SFÚ eru rúmlega 16 ára gömul samtök fiskvinnsla sem byggja hráefnisöflun sína að mestu á kaupum á fiskmörkuðum, þó einstaka aðilar eigi einnig minni útgerðir. Elstu fyrirtækin í samtökunum eru rúmlega 30 ára gömul, þar sem menn byrjuðu smátt en fyrirtækin hafa vaxið hægt og bitandi frá því að vera með 5-10 stöðugildi í það að verða með yfir 100 stöðugildi.

SFÚ hefur frá tilkomu fiskmarkaða greitt hæstu verð fyrir hráefni og jafnframt skilað hæstu útflutningstekjum fyrir afurðir sínar.

Baráttumál SFÚ hafa verið fjölmörg.

SFÚ hefur frá upphafi beitt sér fyrir sanngjörnu og réttlátu fiskveiðistjórnunarkerfi þar sem litið er á heildarmyndina, frá veiðum og á smávörumarkað erlendis, þar sem hagsmunir allra aðila eru tryggðir og samkeppnisumhverfið þannig út garði gert að það tryggi að allir sitji við sama borð er kemur að innkaupsverði hráefnis. Samtökin hafa þá stefnu að beita sér fyrir framförum og framþróun samfélaginu öllu til heilla.

SFÚ tók sem dæmi þátt í starfi „sáttanefndarinnar“ svokölluðu um endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þar skilaði SFÚ séráliti um ýmis málefni m.a. um fjárhagslegan aðskilnað, afnám verðlagsstofuverðs og fleiri atriði sem menn ættu að kynna sér, t.d. á heimasíðu SFÚ.

Ekki er hægt að líta framhjá því að nefndin samanstóð af stórum hagsmunaaðilum í sjávarútvegi og niðurstaða nefndarinnar ekki í samræmi við hagsmuni eiganda auðlindarinnar – þjóðarinnar. Sú leið sem þar er mælt með er einungis til þess fallin að festa núverandi kerfi í sessi til frambúðar. Benti SFÚ á að ekki næðist sátt við þjóðina nema með því að hún fengi í öllu falli að eiga síðasta orðið, í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Íslensk þjóð hefur í gegnum tíðina að stórum hluta byggt afkomu sína á auðlindum sjávar. En vissulega er sú auðlind ekki óþrjótandi og er því brýnt að hún sé nýtt skynsamlega og arður af henni hámarkaður, ekki síst í núverandi ástandi þar sem kreppir að og atvinnuleysi er í hæstu hæðum.

SFÚ telur að talsvert vanti á að auðlindin sé nýtt á þann hátt í dag að hámarks arðsemi fyrir þjóðina í heild sé náð.

Sem dæmi má nefna að á tímabilinu 1. September 2009 til 31 júlí 2010 var flutt út um 35 þús tonn af óunnum fiski. Ef þessi fiskur hefði verið unninn hér innanlands hefði það skapað um 500

ársstörf beint við fiskvinnslu eða sem nemur starfsmannafjölda eins álvers. Eru þá ótalin afleidd störf en oft hefur verið miðað við að hvert starf í frumvinnslu skapi 2 önnur afleidd störf. Ef við hinsvegar lítum aðeins til þess virðisauka sem yrði af því að vinna þennan fisk hér heima þá lítur dæmið svona út.

## Aðalfundur SFÚ 2010

### Þjóðhagslegur ávinningur af vinnslu útflutts afla

500 störf x 155.000 kr. á mán x12=	930 milljónir
1000 afleidd störf x 155.000 kr. á mán x12=	<b>1.860 milljónir</b>
Lækkun greiðslna atvinnuþryggingasj.	<b>2.790 milljónir</b>
Hækkun útflutningsverðm. 25%	3.000 milljónir.
Þjóðhagslegur ávinningur lágmark	5.790 milljónir.



Það má því auka útflutningsverðmæti sjávarafurða umtalsvert auk þess sem hægt er að skapa fjölda starfa hér heima með því einu að nýta það hráefni sem fæst úr íslenskri lögsögu til vinnslu hér innanlands í stað þess að skapa störf við fiskvinnslu í Bretlandi. Því má heldur ekki gleyma að þessi fiskur er síðan unninn erlendis en seldur sem íslenskur fiskur í samkeppni við okkar útflutning.

Það besta við það að vinna þennan fisk hér heima er svo það að slíkt krefst lítillar fjárfestingar þar sem tæki og húsnæði til að vinna þetta hráefni er til staðar og sú fjárfesting sem nú þegar er fyrir hendi í greininni nýtist betur.

Jafnframt hlýtur að teljast óásættan að þeir sem eiga bæði útgerð og fiskvinnslu og ákveða að vinna aðeins hluta aflans í eigin fiskvinnslum en flytja það sem ekki hentar þeim að vinna úr landi skuli að auki þiggja greiðslur úr atvinnuleysistryggingarsjóði til að greiða starfsfólki sínu laun þegar vinnslustopp verður vegna hráefnissskorts.

Einhverjir kunna að segja að eðlilegt sé að útgerðarmenn selji fiskinn þar sem þeir fá besta verðið fyrir hann. En þá skulum við líta á hvernig dæmið lítur út fyrir sama tímabil.

## Aðalfundur SFÚ 2010

### Verðsamanburður

	Magn kg.	Skilaverð vegna sölu erlendis	Meðalverð á íslenskum mörkuðum
Karfi/Gullkarfi	7.356.113	183 kr.	196 kr.
Keila	27.320	76 kr.	143 kr.
Langa	314.931	136 kr.	190 kr.
Ufsi	626.493	93 kr.	184 kr.
Ýsa	10.163.798	264 kr.	271 kr.
Þorskur	4.492.217	338 kr.	343 kr.




Útgerðarmenn eru því ekki samkvæmt opinberum tölum að hagnast á sölu afla erlendis umfram það sem væri á innlendum fiskmörkuðum.

Lítið magn hráefnis hefur skilað sér inn á fiskmarkaðina á sama tíma og hráefni er flutt út í stórum stíl. Hráefnisskortur er því viðvarandi ástand hjá þeim aðilum sem ekki eru handhafar aflaheimilda. Gagnrýnivert er að innlendar fiskvinnslur höfðu ekki raunverulegan aðgang að því hráefni sem flutt var óunnið úr landi þar sem það er boðið til kaups á svonefndu fjölneti.

## Aðalfundur SFÚ 2010

### Verðsamanburður



Þess má jafnframt geta að einungis tæp 4 þús tonn af þeim 35 þús tonnum sem flutt voru úr landi voru flutt út af höfuðborgarsvæðinu, afgangurinn eða um 31 þús tonn voru flutt af landsbyggðinni til atvinnuuppbyggingar í Bretlandi. Það er því gríðarlegt hagsmunamál ekki síst fyrir landsbyggðina að þessi afli verði seldur hér innanlands.

## Aðalfundur SFÚ 2010

Allur afli veiddur í íslenskrí lögsögu á að vera seldur á Íslandi.

Erlendir aðilar eiga að þjóa í fiskinn á íslenskum opnum fiskmarkaði í raunverulegri samkeppni við innlendar fiskvinnslur.



Það er því krafa SFÚ að stjórnvöld beiti sér fyrir því að breyta lögum og geri það að skyldu að selja allan fisk á innlendum fiskmörkuðum. Erlendir aðilar geta þá komið inná fiskmarkaðina, stofnað hér ábyrgðir, og keppt á jafnréttisgrundvelli við innlendar vinnslur. Enginn óunninn fiskur verði því fluttur úr landi nema hafa verið seldur á innlendum fiskmarkaði. Slíkt er einfaldlega þjóðhagslega hagkvæmt og í raun nauðsynlegt á krepputímum.

Tal um að verð muni hrynja á mörkuðum ef aukið magn hráefnis komi þar inn er einfaldlega bábilja þeirra aðila sem hagnast á óbreyttu kerfi, markaðurinn í dag er seljendamarkaður, mikil umframeftirspurn er eftir hráefni og nokkuð ljóst að það mun ekki breytast í bráð. Eftirspurn eftir afurðum frá Íslandi sem seldar eru á hámarksverðum er jafnframt meiri en við getum boðið í dag.

## Aðalfundur SFÚ 2010

### Samkeppnisumhverfi greinarinnar

- Verð í beinum viðskiptum er um 30% lægra en markaðsverð.
- Meðalvinnsla innan SFÚ greiðir 200 milljónum hærra verð fyrir hráefni en vinnsla í eigu útgerðaraðila.
- Aflaheimildir sem njóta ákveðins einkaleyfis eru nýttar til að niðurgreiða hráefni í samkeppnisumhverfi.



Samkeppnisumhverfi greinarinnar er einnig mjög skekkt á fleiri sviðum og með ólíkindum að lagaumhverfi greinarinnar skuli vera þannig háttað að það ýti undir samkeppnislega mismunun.

Í núverandi umhverfi er það svo að útgerðarfyrirtæki eru rekin í skjóli nokkurskonar einkaleyfis eða verndar, þ.e. aðgangshindranir eru að veiðunum á meðan vinnsluhluti fyrirtækjanna er í frjálsri samkeppni. Færa má fyrir því gild rök að fyrirtæki sem stundar bæði veiðar og vinnslu hafi ákveðið samkeppnisforskot á fyrirtæki sem einungis stundar vinnslu.

Í skjóli laga um verðlagsstofu hafa menn svo haft með sér verðsamráð þar sem ákveðið er verð í beinum viðskiptum sem menn sáu greinilega á línuritinu hér áðan að er langt fyrir neðan eðlilegt markaðsverð.

Meðal vinnsla innan SFÚ er því að greiða u.þ.b. 200 milljónum meira fyrir sitt hráefni en þeir aðilar sem kaupa hráefnið af sjálfum sér.

Þennan 200 milljóna mun geta aðilar sem einnig eiga aflaheimildir nýtt sér til að halda verði á fiskmörkuðum háu eða til undirboða á erlendum mörkuðum.

Að auki hafa þeir aðilar sem hafa á höndum bæði veiðar og vinnslu svokallað heimavigtunarleyfi og eru því einungis að greiða fyrir nákvæmlega það hráefni sem inn í vinnsluna kemur, en fyrirtæki innan SFÚ þurfa að kljást við undirvigt sem erfitt getur reynst að fá leiðréttingu á, eru með öðrum orðum að greiða fyrir hráefni sem aldrei berst þeim.

Það er einnig athugunarefni að sum stóru fyrirtækjanna eiga orðið alla keðjuna. Þ.e. útgerð, vinnslu og sölufyrirtæki hér heima og erlendis og geta því ráðið því alfarið í hvaða hluta þeir taka sinn hagnað út. Þeir geta sýnt tap á útgerðinni og vinnslunni en tekið hagnaðinn út í erlendu fyrirtæki, arðurinn af auðlindinni gæti því ekki verið að skila sér inn í íslenskt hagkerfi nema að hluta. Þessu þarf að breyta.

## Aðalfundur SFÚ 2010

### Ábending til stjórnvalda

•Sjávarútvegur er engin geimvísindi og lítur öllum sömu lögmálum og önnur viðskipti.

•Það er stjórnvalda að skapa eðlilegt samkeppnisumhverfi og haga löggjöfinni þannig að rétt sé gefið.



Tilmæli SFÚ til stjórnvalda eru því einföld. Sjávarútvegur er engin geimvísindi og lítur öllum sömu lögmálum og önnur viðskipti. En það er stjórnvalda að skapa eðlilegt samkeppnisumhverfi og haga löggjöfinni þannig að rétt sé gefið.

Til viðbótar við að tryggja aðgang innlendra vinnsla að því hráefni sem aflað er í íslenski lögsögu þarf að skapa greininni eðlilegt samkeppnisumhverfi. Fyrsta skrefið í þá átt væri að koma á fjárhagslegum aðskilnaði veiða og vinnslu, þannig að markaðsvirði verði látið ráða í fjárhagslegu uppgjöri milli útgerðar og vinnslu og í uppgjöri til sjómanna og ekki síst að óheimilt yrði að nýta aflaheimildir til niðurgreiðslu hráefnis í eigin vinnslur.

Sambærileg ákvæði má finna í lögum er varða nýtingu annarra náttúruauðlinda s.s. í orkugeiranum. Þar sem segir í raforkulögum: „Ef fyrirtæki stundar vinnslu eða sölu á raforku er því óheimilt að niðurgreiða þá starfsemi með sérleyfisstarfsemi sem fyrirtækið hefur með höndum eða starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir slíka niðurgreiðslu er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, þ.m.t. fyrirtækjaaðskilnað milli samkeppnisstarfsemi og starfsemi er nýtur sérleyfis eða hefur sambærilega stöðu.“

Jafnframt má benda á 14. Gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 er fjallar um fjárhagslegan aðskilnað, en hún hljóðar svo:

„Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er Samkeppniseftirlitinu heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af starfsemi sem nýtur einkaleyfis eða verndar.“

Það er ljóst að þessi grein á vel við það umhverfi sem sjávarútvegur býr við í dag annars vegar veiðar sem njóta einkaleyfis eða vernda og svo vinnsluhlutinn sem er í opinni og frjálstri samkeppni. Það ætti einnig að vera ljóst að það eiga ekki að gilda aðrar samkeppnisreglur í sjávarútvegi en öðrum greinum viðskiptalífsins. Við í SFÚ höfum vitað það frá upphafi og nú er kominn tími á að stjórnvöld geri sér grein fyrir því líka.

Að auki hvetjum sjávarútvegsráðherra til að fara þá leið að leigja út aflaheimildir ef til aukningar kemur. Slíkt tryggir nýliðun í sjávarútvegi og mætir þeim athugasemdum sem mannréttindanefnd sameinuðu þjóðanna gerði við stjórnun fiskveiða Íslendinga.

Við útleigu aflaheimildanna væri hægt að fara fjölmargar leiðir til að hámarka arð þjóðarinnar, eiganda auðlindarinnar, af aflaheimildunum.

Ein væri sú að bjóða aflaheimildirnar til leigu gegnum uppboðskerfi fiskmarkaðanna. Þar gæti útgerðarmaður leigt aflaheimildir, haldið til veiða og síðan selt aflann á sama markaði. Við uppgjör aflans yrði leiguverðið dregið frá söluverðinu. Þannig væri allt ferlið í gegnsæu

umhverfi, ríkissjóður fengi sitt og útgerðarmaðurinn þyrfti ekki að leggja út fyrir leiguverðinu fyrir en við sölu aflans.

Tækifærin í Kreppunni eru víða. Íslendingar eru þrátt fyrir allt ein ríkasta þjóð heims. Við þurfum hinsvegar að nýta okkur þann auð þjóðfélaginu öllu til heilla en ekki fárra útvalinna aðila.

Stjórnvöld hafa ekki staðið við stjórnarsáttmálann hvað sjávarútvegsmál varðar og vantar heilmikið uppá það, köllum við því eftir úrbótum í þeim efnum.

Menn skulu heldur ekki gleyma til hvers þeir voru kosnir á þing. Eina raunverulega umboðið sem þingmenn hafa frá þjóðinni er að standa við þau loforð sem þeir gáfu í kosningabaráttunni, út á þau loforð voru þeir kosnir.

Að þeim orðum sögðum segi ég aðalfund SFÚ árið 2010 settan og fel ég fundarstjóra Almari Guðmundssyni stjórn fundarins.